




2. tölublað

38. árgangur

2004

Andvarp ritstjórnar

Við í ritsjórn Labba viljum bjóða ykkur öllum hjartanlega velkomin á þetta 64. Vormót Hraunbúa. Þó viljum við sérstaklega nefna feitaforingjann sem stjórnaði flugi sínu sérstaklega frá Kosovo til þess að vera með okkur hér um helgina. Við í ritsjórn Labba reiknast svo til að þetta sé okkar 32. Vormót (eða þar um bil) þó svo að hvorugur okkar sé orðinn þrítugur að aldri. Við í ritstjórn Labba munum leggja limi einhverra annara að veði um að þetta verði besta opinbera mótsblaðið á þessu 64. Vormóti Hraunbúa. Þess vegna hefur heyrst að mótstjórn hyggjist setja lög á ritstjórn þess efnis að við megum ekki skrifa fleiri en 20 línur í blaðið og aldrei fleiri en 60 orð. Þess vegna skorum við á félagsforingja til þess að skrifa ekki undir lögin og óskum við því eftir að mótsgestir skrifi undir undirskrifarlista sem verður á gangi um mótið. En aftur að blaðinu. Ljóst þykir að blaðið verður prentað í nægilegum fjölda eintaka þannig að allavega fjölskyldubúðir muni njóta góðs af. Ljóst er að ekki verður unnt að sinna eftirspurn þar sem ásókn í blaðið er það gífurleg að elstu menn (BÓ meðtalinn) muna ekki annað eins. Engu að síður munum við ásamt okkar hundtryggu blaðamönnum þeim Heimi Snitzel og Harry Rögnvalds keppast við að birta fréttirnar um leið og þær gerast þ.e. ef þær gerast að morgni til áður en blaðið fer í prentun. Ef þú hefur einhverjar óskir, hrós til ritstjórnar, greinar, hugmyndir, hrós til ritsjórnar, brandara, hrós til ritstjórnar, kveðjur eða einungis hugvekju um daginn og veginn er aldrei að vita nema hún birtist í blaðinu því án þín (og okkar) verður blaðið ekki til.



*Með ótrúlega kærri kveðju,
Ritstjórn Labba*

Jónki Spæ

Hrun Haugsveldisins

Glæpasaga í svo ótrúlega mörgum þáttum að Jósef man ekki meir.

1. þáttur

Það er kvöld, eins og ævinlega í svona sögum, rigningin slær á kinnar Jónka. Ljóstýrurnar skera myrkrið eins og hnífur sem stungið er í síróp. Jónki er á leið eftir dimmri götunni og gengur eftir henni þungum skrefum. Það er svart, ekkert sést á milli ljósastauranna, það er svart. Þar sem Jónki er á leið eftir dimmri götunni verður hann var við að dökklædd mannvera gengur fyrir aftan hann og virðist ekki vilja að eftir sér sé tekið. Það er svartamyrkur. Jónki gengur fyrir hornið og stekkur bakvið næstu ruslatunnu. Hún var svört. Jónki sér hvar þessi dökklædda mannvera kemur fyrir hornið og virðist brugðið þar sem Jónka er hvergi að sjá. Mundu, það er svart. Um leið og dökklædda mannveran snýr sér frá Jónka stekkur Jónki fram og grípur mannveruna föstum tókum.

2. þáttur

Jónki heyrir það um leið að þarna er um karlmann að ræða. Jónki spyr í flýti hvað maðurinn er að vilja og þá svarar maðurinn með skoskum hreim: Ég hef verið að leita að yður síðustu daga hr. Jónki Spæ. Mikil vandræði steðja að í heimalandi mínu þar sem ríkisstjórnin virðist ekki lengur hafa vald á hlutunum. Jónki spyr þegar hvað maðurinn meini og hvað hann heitir.

3. þáttur

Maðurinn svarar með sínum skoska hreim: Ég heiti McFlee og starfa fyrir CIA. Fyrir átta dögum síðan komu furðulegir menn á skrifstofu yfirmanns míns og voru þar dágóða stund. Stuttu síðar virtist sem yfirmaður minn færi yfirum og færi yfir strikið. Hann heimtaði að allir okkar menn innan Hvíta hússins myndu koma á stundinni í höfuðstöðvar CIA. Upp frá því upphófust vandræðin. Margir þessara manna hafa horfið einn á fætur öðrum, sporlaust (enda var svarta myrkur). Síðasta sem ég vissi var að þegar ríkisstjórnin ætlaði að gera eitthvað í hlutunum hurfu meirihluti þeirra einnig sporlaust. Svo þegar því var lokið voru einhverjir erlendir aðilar komnir til valda innan höfuðstöðva CIA. Þú verður að aðstoða okkur.

4. þáttur

Jónki hugsaði málið og sagði síðan: Veistu McFlee, það er aðeins eitt að gera og það er að leita til ritstjórnar Labba. Þeir vita hvað gera skal. En þá rann upp fyrir Jónka að ritstjórn Labba var upptekinn þessa dagana vegna Vormóts Hraunbúa. Jónki vissi sem var að þeir myndu ekki láta svona smámál stöðva þá í útgáfumálum Labba.

Framhald í næsta tölublaði Labba

Kaldar kveðjur og sjóðheitar fréttir

Kiddi Hraunbúi á afmæli í dag. Aldur skiptir ekki máli nema maður sé ostur. Kiddi fær afmæliskveðjur frá Ritstjórn Labba.

Ótrúlegur árangur náðist í kassaklifri í dag. Óstaðfestar tölur segja að sá besti hafi náð 13 kössum.

Þess má geta að Óli og María eru mætt á svæðið.

Ótrúlegur árangur fjölskyldubúða þar sem þau voru þau fyrstu á mótinu uppá Arnarfell. Meira að segja er talið að feitaforinginn, systirin og BÓ hafi náð líka á toppinn. Það er ótrúlegt en satt. Til hamingju.

Eru Móri og Skotta virkilega á svæðinu. Svar við þessu fæst í næsta blaði.



D.S. Asterix eru snillingar



Hvað er þetta??????????



Snilld síðan í fyrra :)



Einn gleymnasti maður mótsins í ár.

Stjörnuspá

Spáin gildir fyrir 31. maí..



Vatnsberinn - 20. janúar - 18. Febrúar

Það mun einhver Sporðdrekki vera elta þig á röndum allt mótið. Farðu varlega, hann stingur



Fiskarnir - 19. febrúar - 20. mars

Þó svo að Kleifarvatn sé ekki langt undan er ekki ráðlagt fyrir þig að þvælast þar. Þú munt slá öll met í vatnasafaríinu þ.e. Í vatnasafaríinu.



Hrúturinn - 21. mars - 19. apríl

Þú ert stórkostlegur, frábær og yndislegur. Allir munu dýrka þig á þessu Vormóti. Ef ekki þá láttu ritstjórn vita og þeirra stjörnuspá mun breytast



Nautið - 20. apríl - 20. maí

Tjaldbúðastjórar munu eflaust ekki vera þínir uppáhalds einstaklingar í dag. Þú munt skilja eftir þig ýmis hráefni sem þeir koma til með að leggja hald á sökum sinnar eigin gleysku þegar að kemur að matast.



Tvíburarnir - 21. maí - 20. júní

Þið tveir verðið eins og einn maður allt mótið. Munið þó að týna ekki hvor öðrum.



Krabbinn - 21. júní - 22. júlí

Þú munt vera með klærnar úti fram eftir degi. Ekki er þó víst að öllum líki að láta klípa sig.



Ljónið - 23. júlí - 22. ágúst

Það mun einhver bévítans letingi vera að reyna láta þig bera allt draslið fyrir sig. Þó þú sért sterkur/sterk þá skaltu ekki láta bjóða þér þetta.



Meyjan - 23. ágúst - 22. september

Þú ert uppátækjasamur og ótrúlega glæsilegur á þessu Vormóti. Hitt kynið mun dreyma um þig í nótt.



Vogin - 23. september - 22. október

Láttu viktina ekki buga þig. Taktu daginn létt og láttu þungan ekki hvíla á þínum herðum. Láttu næsta mann bera hlasið fyrir þig.



Sporðrekinn - 23. október - 21. nóvember

Þú munt sjá aðila í Vatnsberamerkinu af hinu kyninu og það er pottþétt að hann/hún er hrifin af þér. Mælt er með því að þú eltir hann/hana allt mótið og hann/hún mun að endingu verða þinn/þín.



Bogmaðurinn - 22. nóvember - 21. desember

Þú munt verða uppspenntur allt mótið. Ljóst er að enginn mun þó skjóta þér ref fyrir rass



Steingeitin - 22. desember - 19. janúar

Sjoppa mun heilla þig á þessu Vormóti. Gættu að þér því við vitum ekki enn hver er að vinna þar. Þó skalt þú vara þig sérstaklega á amlóðunum.

KUNG-FÚ



Stórtónleikar á Vormóti

Þær fregnir hafa borist ritstjórn Labba að stuðhljómsveitin Kung-Fú muni skemmta hér í kvöld. En því er nú skemmst að segja að munu víst vera einir af efnilegustu nýliðarnir í íslensku tónlistarlífi og hafa verið tilnefndir til verðlauna að því tilefni.

Hér með heitir ritstjórn Labba því að við munum éta hækjurnar okkar ef það verður ekki stuð í kvöld.



Mótsstjórn



Mótsstjóri

Davíð Már Bjarnason



Dagskrárstjóri

Jósef Sigurðsson



Gjaldkeri

Andri Már Reynisson



Framkvæmdarstjóri

Birgir Snær Guðmundsson

..:Slúddi:..

Heyrst hefur...

Að óvæntur bónus verði á tónleikunum...

Að sólin, rigningin og slyddan muni kíkja á vormótið...

Að hálf ritstjórnin hafi gleymst...

Að Jósef muni lengra en elstu menn, allavegana á hans aldri...

Að BÓ taki tímana tvenna að tjalda...

Dr. Móri

Spurt:

Einn vinur minn er svo gleyminn, hann man aldrei eftir mér. Hvað á ég að gera?

Svarað:

Hættu að væla. Honum líkar bara ekki við þig. Sættu þig við það.

Spurt:

Ég er svo hrifinn af einum í mótstjórn. Hvað á ég að gera?

Svarað:

Ef það er mótsstjóri þá skaltu standa á bláu tunninni og syngja mótssönginn. Það virkar.

Ef það er gjaldkerinn er nóg að segjast vera ríkur.

Ef það er dagskrárstjóri þá skaltu segjast muna eftir honum sem litlum strák. Þá er hann reyðubúinn til viðræðna.

Ef það er framkvæmdarstjórinn þá hefur heyrst að það þurfi að fara í röð.